

Fundargerð 46. stjórnarfundar Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga haldinn í fjarfundi 1. Júní 2022 kl 13.00

Mætt til fundar Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Kristján Jón Guðmundsson, Iða Marsibil Jónsdóttir, Daníel Jakobsson, Aðalbjörg Óskarsdóttir og Kristján G Jóakimsson. Áheyrnarfulltrúar sem sátu fundinn voru Lilja Magnúsdóttir, Tálknafjarðarhreppi. Forföll boðuðu Elísabet Gunnarsdóttir, Neil Shiran Þórisson og Þórir Guðmundsson, ekki tókst að boða varamenn í þeirra stað. Auk þeirra sátu fundinn Sigríður Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri og Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri.

Formaður kannaði með boðun fundarins, ekki komu fram athugasemdir við boðun hans og setti formaður fundinn og gengið til boðaðar dagskrár.

Fundur stjórnar Vestfjarðastofu

1. Ársreikningur Vestfjarðastofu 2021
2. Ársfundur Vestfjarðastofu 2022

Fundur stjórnar FV

3. Fjórðungsþing – á kosningasumri
 - a. Boðun
 - b. Dagskrá
4. Lagt fram til kynningar
 - a. Fundargerð 77. fundar stjórnar SSNV 10. maí 2022
 - b. Fundargerð – 37. fundar stjórnar SSNE 27. apríl 2022 -
 - c. 581. stjórnarfundur SASS. 25. apríl 2022
 - d. 778. Stjórnarfundur SSS 20. Apríl 2022**
 - e. 539. Stjórnarfundur SSH 02. maí 2022 -
 - f. Aðalfundur SSV 16. mars 2022
5. Umsagnir:
 - a. Afgreiddar umsagnir
 - i. Tillaga til þingsályktunar um fjármálaætlun fyrir árin 2023-2027, 513. mál.
 - ii. Umsögn um frumvarp til laga um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar (umhverfivæn orkuöflun), 582. mál.
 - b. Umsagnarbeiðnir
 - i. Tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022–2036.
 - ii. Frumvarp til laga um skipulagslög (uppbygging innviða), 573. mál. umsögn berist eigi síðar en 1. júní nk.
 - iii. Frumvarp til laga um sveitarstjórnarlög (íbúakosningar á vegum sveitarfélaga), 571. mál. Umsögn berist eigi síðar en 1. júní nk.
 - c. Umsagnir til skoðunar
 - d. Til upplýsingar um mál á Alþingi.

Fundur stjórnar Vestfjarðastofu

Mætt til fundar Guðmundur E Kjartansson, endurskoðandi og Margrét Högnadóttir, viðskiptafræðingur starfsmenn Endurskoðun Vestfjarða.

1. Ársreikningur Vestfjarðastofu 2021

Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu til staðfestingar á ársreikningi Vestfjarðastofu 2021. Ársreikningi fylgir skýrsla stjórnar, álit endurskoðanda, rekstrarreikningur, efnahagsreikningur, sjóðsstreymi og skýringar. Í viðauka ársreiknings er ársreikningur fyrir einstaka deildir.

- Rekstrartekjur námu 281,9 mkr, rekstrargjöld námu, 281,6 mkr, rekstrarafkoma eftir fjármagnsliði nam 0,3 mkr.
- Fastafjárnumir nema 0,4 mkr, veltufjármunir 103,7 mkr, eignir alls 104,1 mkr
- Eigið fé nemur 9,3 mkr, skuldir (allt skammtímaskuldir) 94,7 mkr, eigið fé og skuldir alls 104,1 mkr

Formaður gaf orðið laust. Til máls tóku framkvæmdastjóri, Kristján G Jóakimsson, Jóhanna Ösp, Guðmundur E Kjartansson, Margrét Högnadóttir, Fram kom ábending um að fjármagnsgjöld væru líklega lægri þar sem þjónustugjöld væru að hluta færð þarna undir. Þetta hefði ekki áhrif á heildarrekstarniðurstöðu.

Formaður gerði tillögu um að samþykkja ársreikning fyrir árið 2021.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Guðmundur E Kjartansson og Margrét Högnadóttir viku af fundi.

2. Ársfundur Vestfjarðastofu 2022

Framkvæmdastjóri kynnti tillögu um að ársfundur fulltrúaráðs Vestfjarðastofu verði haldinn þann 14. júní n.k., kl 11.00 í húsnæði Vestfjarðarstofu á Ísafirði. Fundi verði síðan frestað og undir liðnum önnur mál yrði haldin opinn fundur í Edinborgarhúsinu á Ísafirði, með ávörpum forráðamanna samtaka atvinnulífs, Bygðastofnunar og Vestfjarðastofu. Rætt um yfirskrift fundarins og framkvæmdastjóra falið að vinna úr hugmyndum sem komu fram á fundinum.

Formaður gerði tillögu samþykki tillögu framkvæmdastjóra.

Kristján G Jóakimsson vék af fundi.

Fundur stjórnar FV

3. Fjórðungsþing að kosningasumri.

a. Boðun

Sviðsstjóri kynnti að samkvæmt 10.gr samþykktu Fjórðungssambands Vestfirðinga skal að aflokum sveitarstjórnarkosningum boðað til stutts fjórðungsþings og þingið má halda með aðstoð fjarfundar. Formaður gerði tillögu um að boðað verði til 67. Fjórðungsþings Vestfirðinga á kosningasumri þann 14. júní n.k. kl .. Þingið verði haldið í starfsstöð Vestfjarðastofu á Ísafirði og í fjarfundi.

Formaður orðið laust, enginn tók til máls.

Formaður gerði tillögu um boðun Fjórðungsþings samkvæmt kynningu sviðsstjóra. Tillagan samþykkt.

b. Dagskrá

Sviðsstjóri kynnti dagskrá samkvæmt 10. gr samþykktu.

1. Kosning kjörnefndar og kosning fjárhagsnefndar fyrir Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti.
2. Önnur mál löglega fram borin.
3. Frestun Fjórðungsþings Vestfirðinga

Samkvæmt samþykktum eru kjörnir fimm fulltrúar í fjárhagsnefnd og fimm til vara. Ekki er tilgreint um fjölda fulltrúa í kjörnefnd.

Formaður gerði tillögu um að í kjörnefnd verði skipaður einn fulltrúi frá hverju sveitarfélagi. Tillagan samþykkt samhljóða.

Formaður gerði tillögu um að leita til sveitarstjórna um fulltrúa í fjárhagsnefnd.

4. Lagt fram til kynningar

a. Fundargerð 77. fundar stjórnar SSNV 10. maí 2022

<https://www.ssnv.is/is/moya/news/category/2/fundargerð-77-fundar-stjornar-ssnv-10-mai-2022>

- b. Fundargerð – 37. fundar stjórnar SSNE 27. apríl 2022 - <https://www.ssne.is/is/fundargerdir/stjorn-ssne/fundargerð-stjorn-ssne-37-fundur-27-april-2022>
 - c. 581. stjórnarfundur SASS. 25. apríl 2022 - <https://www.sass.is/581-fundur-stjornar-sass/>
 - d. 778. Stjórnarfundur SSS 20. Apríl 2022 - <https://sss.is/blog/fundir/778-stjornarfundur-sss-20-april-2022/>
 - e. 539. Stjórnarfundur SSH 02. maí 2022 - <https://ssh.oneportal.is/MeetingSearch/DisplayMeeting.aspx?id=TO20Pk0mTEW2gyrvQovOSg1&text=>
 - f. Aðalfundur SSV 16. mars 2022 <https://ssv.is/fundargerð/2022-ssv-adalfundur/>
5. Umsagnir:

a. Afgreiddar umsagnir

- i. Lögð fram umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2023-2027, 513. mál. https://www.vestfiridir.is/static/files/Umsagnir/2022/umsogn_fjarmalaaetlun_2023_2027_mal_513_profork_ok.pdf

Tillaga send í tölvupósti til stjórnarmanna og samþykkt þar en er hér lögð fram til endanlegrar staðfestingar. Formaður óskaði eftir staðfestingu stjórnar, tillagan samþykkt.

Fundur var með fjárlaganefnd Alþingis nú fyrr í dag þar sem efni umsagnarinnar var kynnt og svarað fyrirspurnum nefndarmanna. Framkvæmdastjóri fór yfir kynningu á fundinum.

Rætt um að vinna tillögu með þingmönnum Norðvestur og Norðausturkjördæma um að fiskeldisgjald renni til sveitarfélaga og ákvæði um skiptingu þess.

- ii. Umsögn um frumvarp til laga um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar (umhverfivæn orkuöflun), 582. mál. https://www.vestfiridir.is/static/files/Umsagnir/2022/umsogn_frumvarp_nidurgreidslu_hushitun_mall-582-152.pdf

Tillaga send í tölvupósti til stjórnarmanna og samþykkt þar en er hér lögð fram til endanlegrar staðfestingar. Formaður óskaði eftir staðfestingu stjórnar, tillagan samþykkt.

b. Umsagnarbeiðnir

- i. Tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022–2036. [799/152 stjornartillaga: stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022--2036 | Þingtíðindi | Alþingi \(althingi.is\)](https://www.althingi.is/alfundur/799/152_stjornartillaga:stefnumotandi_byggdaaetlun_fyrir_arin_2022--2036|Pingsfodindi|Alþingi_(althingi.is))
Sviðsstjóri kynnti drög að umsögn. Rætt um efni hennar og sviðsstjóra falið að ljúka við umsögn á grundvelli umræðu.
 - ii. Frumvarp til laga um skipulagslög (uppbygging innviða), 573. mál. umsögn berist eigi síðar en 1. júní nk. Þingskjalið er <https://www.althingi.is/altext/152/s/0812.html>
Lagt til að skila ekki umsögn. Tillagan samþykkt samhljóða.
 - iii. Frumvarp til laga um sveitarstjórnarlög (íbúakosningar á vegum sveitarfélaga), 571. mál. Umsögn berist eigi síðar en 1. júní nk.. Þingskjalið www.althingi.is/altext/152/s/0810.html
Lagt til að skila ekki umsögn. Tillagan samþykkt samhljóða.
- c. Umsagnir til skoðunar

- Engin mál lögð fram.
- d. Til upplýsingar um mál á Alþingi
Engin mál lögð fram.

Dagskrá er þar með tæmd, formaður þakkaði stjórn og áheyrnarfulltrúa fyrir góðan fund og sleit fundi 14.05.